

Miðvikudaginn 30. nóv. 1932.

Nr. 147/1932. Metúsalem Jóhannsson

gegn

Pórði J. Thoroddsen.

### Úrskurður hæstaréttar.

Stefndi hafði tekið út stefnu til áfrýjunar máli þessu til þingfestingar í jan. 1933, þann 17. sept. þ. á. og látið birta hana 21. s. m. Hinsvegar hefir áfrýjandi líka tekið út áfrýjunarstefnu til staðfestingar 29. sept. þ. á. til þingfestingar í nóvembermánuði. Hefir áfrýjandi óskað málinu frestað til dezbr. þ. á., en stefndi biður um frestun til janúarmánaðar næstkomandi svo að málin verði þá sameinuð. En þessum fresti er mótmælt af hálfu áfrýjanda.

Það er viðurkennt, að stefndi hafi kært áfrýjanda til lögreglustjóra í sambandi við mál þetta og að rannsókn út af kærðu þessari sé nýlokið, en henni eigi að koma að í málinu. Af þessum ástæðum og með hliðsjón af ákvæðum 3. málsg. 41. gr. hæstaréttarlaganna þykir rétt að veita hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Málinu sk al fresta til janúarmánaðar 1933.

